

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasviði  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.04.2011

**Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, m.s.br. þskj. 1244, 720. mál.**

Orkuveita Reykjavíkur hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál.

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, og tekur undir umsögn samtakanna um frumvarpið.

Auk þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögn Samorku leggur Orkuveita Reykjavíkur ríka áherslu á hagsmuni fyrirtækisins tengda tímalengd afnotaheimilda af jarðhitaréttindum. Fyrirtækið á stærstan hluta þeirra auðlinda sem það nýtir til raforku- og varmaframleiðslu, en hefur einnig heimild til nýtingar á svæðum í eigu ríkisins. Þannig hefur Orkuveita Reykjavíkur t.d. heimild forsætisráðuneytis frá 26. september 2006 til að nýta hitavatnsréttindi til að afla gufu til Hellisheiðarvirkjunar á því svæði í nágrenni virkjunarinnar, sem telst þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar. Þegar heimildin var veitt árið 2006 voru ekki í gildi lögbundnar takmarkanir á tímalengd afnotaheimilda af jarðhitaréttindum, en sem kunnugt er var slíkum takmörkunum komið á með lögum nr. 58/2008. Frá gildistöku þeirra laga mátti fyrirtækið gera ráð fyrir því að unnt yrði að semja við ríkið um nýtingarheimild til allt að 65 ára, en ekki 30 ára, eins og nú er gert ráð fyrir í frv. Í arðsemisforsendum vegna sölu á orku frá Hellisheiðarvirkjun er gengið út frá mun lengri nýtingartíma, eða 50-60 árum, og því eru verulegar fjárhagslegar forsendur tengdar því að hámark nýtingartíma verði ekki stýtt með þeim hætti sem lagt er til í frv. Breyting í þá átt sem lagt er til í frv. hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og orkunotendur, þar sem stytting nýtingartíma hefði óhjákvæmilega í för með sér verðhækkun á orku frá viðkomandi virkjunum.

Rétt er að benda á, að eins og fram kemur í athugasemd með frv. lagði nefnd sú sem forsætisráðherra skipaði skv. III. bráðabirgðaákvæði laga nr. 58/2008, til að nýtingartími yrði „að jafnaði á bilinu 40-50 ár, óháð þeirri nýtingu sem um ræðir“. Því brýtur sú tillaga sem nú liggur fyrir ekki aðeins gegn brýnum hagsmunum Orkuveitu Reykjavíkur, annarra orkufyrirtækja og orkunotenda, heldur er einnig gengið mun lengra en sérfræðingar í nefndinni hafa lagt til án þess að það sé rökstutt í athugasemdum með frv.

Í frumvarpinu eru lagðar til mislangar nýtingaheimildir milli jarðvarmanýtingar og vatnsafls, þar sem heimildir til nýtingar vatnsafls eru rýmri í tíma. Orkuveita Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við það. Jarðgufuvirkjanir eru byggðar upp í skrefum. 1.

áfangi rafstöðvar Nesjavallavirkjunar var tekinn í notkun árið 1998 og síðasti áfanginn árið 2005. Hellsheiðarvirkjun hefur verið byggð í áföngum frá árinu 2006 til 2011. Ljóst er að sóknarfæri eru til enn frekari orkuframleiðslu í núverandi virkjunum þar sem vinnslurás virkjana er aðlöguð að jarðhitasvæðunum og hvernig þau breytast með tímanum. Vatnsaflsvirkjanir eru yfirleitt byggðar í einu skrefi, þar sem forsendur eru ljósar frá upphafi. Þar með ætti að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast hversu langur nýtingartími er nauðsynlegur. Því er lagt er til að hámarks tímalengd nýtingarheimilda á jarðhitasvæðum verði a.m.k. jafn löng og þegar um vatnsafl er að ræða, en Orkuveita Reykjavíkur telur rök geta hnigið að því að nýtingartími jarðhita verði lengri en nýtingartími vatnsafls.

Leggja verður áherslu á að nýtingartími auðlindar er alls ekki eina leiðin sem stjórnvöld hafa til að tryggja ábyrga auðlindanýtingu. Nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eru t.d. tímabundin og heimilt er að setja í þau endurskoðunarákvæði innan gildistíma þeirra. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum nýtingarleyfis er Orkustofnun, sem útgefanda og eftirlitsaðila leyfisins, heimilt skv. 20. gr. laganna að fella leyfið úr gildi. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er heimilt að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Orkuveita Reykjavíkur leggst af framangreindum ástæðum alfarið gegn þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpi til vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, hdl.